

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Heilsugæslusjóð Hrafnistu sem staðfest var 28. september 1977, nr. 358.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

3. gr. orðist svo:

Tilgangur sjóðsins er að styrkja með fjárframlögum:

- a) Að komið verði á fót við Dvalarheimili Hrafnistu og hjúkrunardeildir þeirra miðstöðvum rannsókna, lækninga, endurhæfinga og fyrirbyggjandi aðgerða gegn öldrunarsjúkdómum.
- b) Byggingar yfir þessa starfsemi þar með lækna- og rannsóknastofur, æfingasali, sundlaugar, móttöku sjúklinga og þjónustu við þá og starfsfólk starfseminnar svo og hvers konar búnað til þessarar starfsemi.
- c) Sérmenntun lækna og hjúkrunarfræðinga í öldrunarsjúkdómum svo og sérnám sjúkra- og iðjuþjálfara og annarra þeirra sem sérmenntun þurfa vegna framangreindra starfa.
- d) Útgáfu og kynningu á niðurstöðum rannsókna og leiðbeiningum til annarra sem að slíkum störfum vinna.
- e) Þjónusta íbúa þjónustu- og öryggisíbúða fyrir aldraða á lóð Hrafnistuheimilanna eða í næsta nágrenni við Hrafnistu, enda séu íbúðirnar í eigu Sjómannadagsráðs í Reykjavík og Hafnarfirði eða dótturfélags þess.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Heilsugæslusjóð Hrafnistu staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 23. nóvember 2010.

Ríkarður Mátsson.

Björn Ingi Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 10. desember 2010